

## Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Ís 47 ehf., Önundarfirði.

Ís 47 ehf. hefur verið veitt starfsleyfi til framleiðslu á allt að 1.200 tonnum af þorski (áframeldi) og regnbogasilungi í sjókvíum á ári í Önundarfirði.

Eftir að hafa leitað samráðs við heilbrigðisnefnd á svæðinu auglýsti Umhverfisstofnun tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 24. september til 19. nóvember 2014. Tillagan lá frammi hjá Ísafjarðarbæ á sama tíma. Auglýsing var birt í staðarblaði og tillagan var auk þess sérstaklega send til eftirfarandi aðila: Ís 47 ehf., Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðisnefndar Vestfjarða, Landssambands veiðifélaga, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Landssambands smábátaeigenda, Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Æðarræktarfélags Íslands, Skelræktar, Orkustofnunar, Skipulagsstofnunar, Matvælastofnunar, Fiskistofu, Siglingastofnunar Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða, NASF og Veiðifélags Langadalsárdeildar.

Meðfylgjandi umsókninni var tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar, vegna ákvörðunar á matsskyldu vegna framkvæmdarinnar. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 30. janúar 2014 er komist að þeirri niðurstöðu aukið fiskeldi Ís 47 ehf. í Önundarfirði sé ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Einnig fylgdu með gögn sem gáfu til kynna að eftir samráð við Fiskistofu væri rétt að flytja eitt svæðið (svæði B) af sunnanverðum firðinum á hann norðanverðan.

## Umsagnir sem bærust og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Sjö aðilar sendu umsagnir um tillöguna. Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr þeim og viðbrögð Umhverfisstofnunar við umsögnunum:

- Umsögn barst frá **Skipulagsstofnun** þar sem gerð er athugasemd við að gert er ráð fyrir því að eldissvæði sé staðsett við sunnanverðan fjörðinn. Breyting hafi orðið á framkvæmd sem Skipulagsstofnun hafi ekki fengið tilkynningu um og málsmeðferð sbr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hafi því ekki farið fram. Vakin var athygli á að tilkynna þarf breytingu á framkvæmd til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta þær málsmeðferð skv. 6. gr. laganna.
  - Umsækjandi segist hafa fengið athugasemdir við fyrri staðsetningu og taldi rétt að breyta þessu.
  - Umsækjandi leitaði til Fiskistofu með nýja staðsetningu og fékk tillögu um þetta svæði á norðanverðum firðinum. Umsækjandi benti einnig á að jákvæð viðbrögð hafi virst koma frá Skipulagsstofnun þegar hún var upplýst um málið.
  - Umhverfisstofnun óskaði eftir skýringum Skipulagsstofnunar á því hvernig umræða hefði verið um eldissvæðin hjá stofnuninni. Hjá Skipulagsstofnun kom í þessu sambandi fram að gert hefði verið ráð fyrir því m.a. að breytingarnar þyrftu formlegt samþykki Fiskistofu og að annar aðili (Dýrfiskur hf. og tengd félög) sem stundar fiskeldi í firðinum gæfi frá sér sín starfsleyfi.
  - Auk framgreinds eru eldissvæðin í nokkru ósamræmi við fjarlægðarreglur eins og þær koma fram í 3. gr. reglugerðar nr. 401/2012, um fiskeldi, lágmarksfjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva.

- Í ljósi þess að umrætt svæði sem nefnt var svæði B í auglýstri tillögu, var ekki í samræmi við tilkynningu fyrirtækis til Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu, var tekin sú ákvörðun að veita eingöngu starfsleyfi á þeim tveimur staðsetningum sem eftir standa. Sú ákvörðun hefur ekki áhrif á heildar framleiðslumagn skv. starfsleyfi. (Ath. að svæði C í auglýstri tillögu er í starfsleyfinu nú kallað svæði B).
- **Hafrannsóknastofnunin** sendi inn umsögn þar sem bent er á ósamræmi í auglýstri tillögu að starfsleyfi og tilkynningu um matsskyldu. Eldissvæði B sé í viðauka starfsleyfisins sýnt utarlega norðanmegin í firðinum út af Drangavík en ekki sunnan megin á milli svæða A og C. Einnig leggur stofnunin áherslu á að vandað verði til vöktunaráætlunar vegna eldisins og að fylgst verði náið með umhverfisþáttum og dýralífi á botni í nágrenni við eldissvæðin.
  - Athugasemdin um eldissvæðið er á sama veg og athugasemd Skipulagsstofnunar. Sjá svar við henni.
  - Rekstraraðila er gert að senda tillögu um vöktunaráætlun. Hún er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
- Tvær umsagnir bárust frá **Landssambandi veiðifélaga**. Umsagnirnar áttu við um starfsleyfistillögur Umhverfisstofnunar fyrir Ís 47 ehf. og Dýrfisks hf. í Ísafjarðardjúpi sem fór í auglýsingu fáeinum vikum á eftir Ís 47. Í fyrra bréfi sambandsins er bent á að með samþykkt laga nr. 71/2008, um fiskeldi, skal eldisbúnaður standast ströngustu staðla. Með „ströngustu stöðlum“ væri verið að vísa í norska staðalinn NS 9415. Landssambandið telur fráleitt að út verði gefin frekari starfsleyfi til sjókvíaeldis.
  - Umhverfisstofnun vekur athygli á því að stofnunin getur ekki frestað stjórnvaldsákvörðunum, þó að í undirbúningi séu tilteknar breytingar á lögum eða reglugerðum. Umhverfisstofnun ber að fylgja gildandi lögum og reglugerðum.
  - Umhverfisstofnun hefur hins vegar þegar svarað athugasemd Landssambandssins um þennan staðal með bréfi. Þar var bent á að norskri staðallinn NS 9415 er staðall sem fjallar talsvert um eldisbúnað, uppsetningu hans og utanumhald. Hann á því betur við um veitingu rekstrarleyfa en starfsleyfa.
- Í síðari umsögn **Landssambands veiðifélaga** er minnt á ákvæði 8. greinar laga nr. 71/2008, um fiskeldi. Ákvæðið fjallar um burðarþolsmat fyrir sjókvíaeldissvæði. Ákvæðið er tengt við að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Landssambandið telur að Umhverfisstofnun beri að framkvæma matið áður en starfsleyfi er gefið út.
  - Með lögum nr. 49/2014, um breytingu á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, var sett inn það skilyrði að framkvæma þyrfti burðarþolsmat áður en rekstrarleyfi væru gefin út.
  - Skv. ákvæðinu í 8. gr. laga nr. 71/2008 er það Hafrannsóknastofnun sem á að framkvæma burðarþolsmat (eða annar aðili sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar). Það er því ekki

Umhverfisstofnun eins og Landssambandið heldur fram. Burðarþolsmatið tengist umsókn um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar.

- Í II. bráðabirgðaákvæði með lögum kemur fram að ákvæði breytingarlaganna gildi ekki fyrir umsóknir um starfsleyfi fyrir eldi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem eru til meðferðar hjá Umhverfisstofnun við gildistöku laganna. Því gefur Umhverfisstofnun út starfsleyfi í samræmi við lög eins og þau voru fyrir gildistöku breytingarlaganna nr. 49/2014.
  - Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að umræddur rekstur á 1.200 tonna ársframleiðslu í fiskeldi sé að valda meira álagi en væntanleg niðurstaða slíks burðarþolsmats myndi gefa. Þó er vissulega ekki hægt að fullyrða þetta með fyrr en eftir matið. LENKA viðtakamat gefur á milli 2000-4500 tonna framleiðslu á ári, að því gefnu að Önundarfjörður sé í kringum 50 km<sup>2</sup> að stærð (sjá t.d. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. janúar 2014).
  - Umhverfisstofnun telur þó rétt að benda á heimildir stofnunarinnar til endurskoðunar starfsleyfa ef forsendur breytast og ef stofnunin telur nauðsynlegt að endurskoða starfsleyfi.
  - Nú er vísað í burðarþol í grein 1.7 í starfsleyfinu.
- **NASF** sendi umsögn þar sem bent er á nokkur atriði sem að mati samtakanna mæla gegn tillögunni. Það eru eftirfarandi atriði:
- i. Athugasemd er um að tillögunni sé ábótavant og að ekki sé hægt að taka hana til alvarlegrar skoðunar.
    - Umhverfisstofnun fellst ekki á framangreint. Starfsleyfið og tillagan sem gerð var, uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsleyfa, auk þess að samrýnast ákvörðun Skipulagsstofnunar.
  - ii. Regnbogasilungur á ekki heimkynni á Íslandi né í Evrópulöndum. Uppruni tegundarinnar er í Norður-Ameríku.
    - Þetta atriði er skoðað í sambandi við umfjöllun um matsskyldu og hefur það ekki verið talið valda líkum á umtalsverðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki að ástæða sé til að endurskoða það mat.
  - iii. Taldar eru líkur á að fiskurinn sé á svo litlu dýpi í Önundarfirði að hann muni að verulegu leyti vaxa upp í menguðum sjó úr sjálfum sér.
    - Rekstraraðili þarf vissulega að gæta að því að aðstæður til fiskeldis séu viðunandi. Straumar í Önundarfirði eru góðir.
    - Gögn skortir um dýpi í firðinum og vafi er vissulega á því hvort það sé nægjanlegt á stöku stað. Við þessu hefur verið brugðist og í starfsleyfinu er nú ákvæði um að ef dýpi er minna en 12 metrar miðað við við stórstraumsfjöru, sé ekki heimilt að stunda fiskeldi þar.
    - Umhverfisstofnun bendir einnig á ákvæði starfsleyfisins sem takmarkar þéttleika í þessu sambandi.
  - iv. Bent er á að væntanlega komi ný reglugerð um umhverfiskröfur til fiskeldis. Því gangi starfsleyfistillagan í berhögg við fyrirmæli Alþingis.
    - Umhverfisstofnun vekur athygli á því að stofnunin getur ekki frestað stjórnvaldsákvörðunum þó að í undirbúningi séu breytingar á lögum eða

reglugerðum. Umhverfisstofnun ber að fylgja gildandi lögum og reglugerðum.

- **Dýrfiskur hf.** benti í umsögn sinni á að þeir ásamt „systurfélögunum“ Vestfirðingi og Arctic Odda ehf. hefðu nú þegar starfsleyfi og rekstrarleyfi í Önundarfirði. Silungselði hefði verið á þeirra vegum síðan 2012. Stefnt sé að frekari uppbyggingu. Þá kom fram í umsögninni vilji sé hjá Dýrfiski að vinna saman með öðrum hagsmunaaðilum að fiskeldi í Önundarfirði, t.d. með samhæfðri útsetningu og hvíld svæða. Umsögnin var þó ekki ætluð til höfuðs áformum Ís 47.
  - Umhverfisstofnun telur ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um fyrirkomulag á samvinnu þessarra aðila við Ís 47. Ef það er möguleiki að rekstraraðilar samræmi útsetningu og hvíld svæða gæti komið til þess við veitingu starfsleyfa að tillit yrði tekið til slíks. Heppilegast væri ef skriflegt samkomulag væri þá lagt fram um þessi mál svo að Umhverfisstofnun hafi gögn til að byggja á.
- **Veiðifélag Langadalsárdeildar** gerði í umsögn sinni grein fyrir sjónarmiði sínu um að félagið er andvíg eldi laxfiska í sjó við Ísland. Bent er á nokkur atriði þessu sjónarmiði til stuðnings:
  - i. Rætt er um hættu vegna slysasleppinga sem af kvíaeldi getur staðið fyrir villta stofna laxfiska á Íslandi.
    - Þessi hætta er raunveruleg. Af þessari ástæðu er sjókvíaeldi óheimilt á allmörgum svæðum við strendur landsins samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 460/2004.
    - Samkvæmt auglýsingunni er sjókvíaeldi þó ekki óheimilt í Önundarfirði.
  - ii. Innst í Önundarfirði sé einstakt lífríki fyrir hrognkelsi, á svæði sem kallað er „Vöð“. Þar eru mikil skipti á ferskvatni og sjó. Nytjar hafi verið á rauðmaga en grásleppan verið friðuð. Hætta geti steðjað að þessu svæði vegna fiskeldisins.
    - Eins og fram kemur í tilkynningu um matsskyldu eru bæði Vöð og Holtsengi á náttúruminjaskrá. Þessir staðir eru langt frá eldissvæðunum og eru ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar.
    - Á hinn getur þurft að huga að þessum stöðum varðandi frekara eldi, verði það staðsett í nágrenninu.
  - iii. Bent er á að Önundarfjörður sé stuttur og þröngur fjörður og sagt að dýpi hans sé innan við þau mörk sem æskileg eru varðandi staðsetningu sjóeldiskvía.
    - Umhverfisstofnun tekur undir það að Önundarfjörður þoli líklega aðeins takmarkað fiskeldi af því hversu grunnur hann er og þröngur.
    - Á móti kemur að straumar eru góðir í firðinum og ekki er þar þröskuldur.
- **Bjarni M. Jónsson**, eigandi að jörðunum Sæbóli I og II og ennfremur jörðinni Álfadal á Ingjaldssandi, sendi inn athugasemdir. Athugasemdirnar lutu að eftirfarandi atriðum:
  - i. Tiltekið er í athugasemdinni að ekki hafi verið haft samráð við Bjarna við uppbyggingu og rekstur á sjókvíum í Önundarfirði.
    - Umhverfisstofnun auglýsir starfsleyfi í samræmi við reglugerð í 8 vikur til þess að fá inn athugasemdir og ábendingar á vinnslutíma umsóknar.
    - Hægt er að tjá sig um efni starfsleyfistillögu á 8 vikna auglýsingatíma eins og Bjarni gerði. Þá eru í gildi kærheimildir á ákvörðunum stjórnvalda.

- ii. Gerð er athugasemd um að ákvörðun netalaga sé samkvæmt lögum skilgreind á tvennan hátt. Annars vegar út frá fjarlægð, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði (skerjum og eyjum) og hins vegar dýpt varðandi fisk og fiskveiðar, þ.e. 8 metra dýpi á stórstraumsfjöru. Eldið verði að samrýmast þessu.
  - Óheimilt verður að stunda fiskeldi á þeim svæðum sem eru á minna dýpi en 12 m.
- iii. Tiltekið er að ekki liggi fyrir grunnrannsóknir eða þær séu ófullnægjandi á lífríkinu á fyrirhuguðum svæðum, rannsóknir skorti á sjávargróðri, dýralífi í sjónum og fjörunni og ánum sem renna út í fjörðinn.
  - Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að ekki væri ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum. Ýmsar rannsóknir hafa farið fram sbr. að straummælingar fylgja tilkynningu til Skipulagsstofnunar og botnrannsóknir fylgdu umsókn um starfsleyfi.
  - Vert er að benda á að í IV. kafla laga um fiskeldi (nr. 71/2008) er kveðið á um Umhverfissjóð sjókvíaeldis. Hér gæti verið um að ræða verkefni sem falli undir hann.
- iv. Áhyggjur eru af því hvort kvíar séu nægilega traustar til að þola aftakaveður. Staðsetning sé fyrir opnu hafi.
  - Umhverfisstofnun álitur að þetta atriði komi til álita við veitingu rekstrarleyfis fremur en starfsleyfis.
- v. Gerð er athugasemd um að ísrek (hafís) geti fyllt fjörðinn á örskotsstundu. Hann berist hratt inn fjörðinn og komi oftast að óvörum.
  - Umhverfisstofnun álitur að þetta atriði komi til álita við veitingu rekstrarleyfis fremur en starfsleyfis.
- vi. Bent er á veiði í Sandsá. Í ánni sé veiddur sjóbirtingur, bleikja og urriði. Bent er á að í umsókn komi fram að veiðifélag sé ekki fyrir ána. Bjarni telur að slíkt eigi ekki að skipta máli. Í athugasemdinni segir einnig að Sandsá (heitir einnig Langá) sé uppeldisstöð fyrir góðan stofn af sjóbirtingi.
  - Umhverfisstofnun ber að samþykkja vöktunaráætlun sbr. ákvæði starfsleyfis. Rekstraraðili greiðir kostnað fyrir vöktun.
- vii. Áhyggjur eru af uppbyggingu ferðapjónustu að Sæbóli. Upplifun ferðamanna byggist á að njóta náttúrunnar á afskekktum stað. Eldiskvíar í forgrunni útsýnisins spilli upplifuninni. Ferðamenn fari í fjöruna og fjörugróður og kræklingur sé týndur og matreiddur.
  - Ljóst er að framkvæmdin getur valdið breyttri upplifun ferðamanna en sá þáttur hefur ekki leitt til þess að framkvæmdin sé matsskyld og leiðir ekki til breytinga á skilyrðum um mengunarvarnir að mati Umhverfisstofnunar.
- viii. Eldissvæði C og B eru sögð vera á grásleppumiðum, þar sem veiðar eru stundaðar á hverju vori. Einnig sé stunduð handfæra- og línuveiði. Steinbítur leiti inn á í firði til að fita sig og éti kúskel, krossfisk og ígulker. Nóg sé af ætinu, en mengandi starfsemi vegna fiskeldis geti breytt því.
  - Umhverfisstofnun hefur ekki gögn sem benda til þess að fiskeldið geti þrengt að veiði.
  - Umhverfisstofnun hefur áður fjallað um fiskinytjar á svæðinu í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar um matsskyldu í bréfi þann 21.nóvember 2013.

- Hafrannsóknastofnunin minntist ekki á þetta atriði í sinni umsögn.
- Ekki barst umsögn frá Landssambandi smábátæigenda.
- Í útgefinni tillögu er svæði B úr auglýstri tillögu felld út og svæðið sem í auglýstri tillögu var kallað svæði C, er nú kallað svæði B.

Umhverfisstofnun hefur einnig gert nokkrar aðrar minniháttar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu, leiðrétt stafsetningu og eitt hnit og samræmt ákvæði við önnur starfsleyfi. Þar á meðal er að sett er í leyfið ákvæði um hámarkslífmassa.